

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/997
komudagur 3.1.2008

Innflytjendaráð
Félagsmálaráðuneyti
Hafnarhúsi v/Tryggvagötu

Alþingi Íslendinga
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. desember 2007
Tilv.: FEL07110080/0005

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis til innflytjendaráðs, dags. 26. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um útlendinga og réttarstöðu þeirra, 247. mál.

Fjallað var um erindið á fundi innflytjendaráðs 13. desember. sl. Hlutverk innflytjendaráðs er að vera ríkisstjórn til ráðgjafar um málefni innflytjenda og beinir ráðið því tillögum sínum og athugasemdum til viðkomandi stjórnvalda. Innflytjendaráð telur það því ekki falla að hlutverki sínu að veita nefndum Alþingis umsagnir um framkomin frumvörp.

Innflytjendaráð vill þrátt fyrir framansagt gjarnan fylgjast með þeim málum sem fram koma á Alþingi og fjalla um málefni innflytjenda og fagnar því að fá slík mál til umfjöllunar. Mun ráðið taka öll slík mál til umfjöllunar og eftir því sem tilefni gefst til taka undir eða koma athugasemdum um efnisatriði þeirra á framfæri við stjórnvöld.

Í ljósi þess sem fram er komið mun innflytjendaráð ekki senda Allsherjarnefnd umsögn um framangreint frumvarp.

Fyrir hönd innflytjendaráðs


Ingibjörg Broddadóttir